

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar nr. 651/2001.

#### 1. gr.

Orðin „auglýstu viðmiðunarverði Landssamtaka sauðfjárbænda á hverjum tíma“ í 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar falla brott og í staðinn kemur: „verðskrá á tímabilinu frá miðbiki til loka septembermánaðar, hjá þeim sláturleyfishafa sem ætla má að framleiðandi hefði lagt inn hjá“.

#### 2. gr.

Orðin „auglýstu viðmiðunarverði Landssamtaka sauðfjárbænda á hverju fjárleysisári“ í 2. tl. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar falla brott og í staðinn kemur: „verðskrá á tímabilinu frá miðbiki til loka septembermánaðar, á hverju fjárleysisári, hjá þeim sláturleyfishafa sem ætla má að framleiðandi hefði lagt inn hjá“.

#### 3. gr.

Nýr töluliður, 3. tl., bætist við 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar sem hljómar svo:

Verðskrá skv. 2. tl., og 2. mgr. 12. gr., skal vera verðskrá þess sláturleyfishafa sem er næstur framleiðanda í vegafjarlægð og ætla má að hann hefði lagt inn hjá. Víkja má frá þessari viðmiðun ef bótaþegi sýnir fram á, t.d í ljósi reynslu eða samninga, að hann hefði lagt afurðir sínar inn hjá öðrum sláturleyfishafa.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25 7. apríl 1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum, lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum og lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru, ásamt síðari breytingum

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 25. september 2006.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

\_\_\_\_\_  
*Atli Már Ingólfsson.*